

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Höepfnarsbryggju og nágrenni.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 20. mars 2026 breytingu á deiliskipulagi fyrir Höepfnarsbryggju og nágrenni.

Breytingin tekur til stækkunar á landfyllingu undir aðflugsljós, austan við Höepfnarsbryggju, auk hækkunar á ljósunum.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og var ekki talin þörf á grenndarkynningu, sbr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Akureyri, 20. mars 2026.

F.h. Akureyrarbæjar,
Steinunn Karlsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B deild - Útgáfudagur: 8. apríl 2026